

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti héraðsdómara með starfsstöð við
Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst var laust til umsóknar í
Lögbirtingablaði 7. maí 2021

Reykjavík, 13. júlí 2021

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	13
5.1. Menntun og framhaldsmenntun.....	13
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	14
5.2. Reynsla af dómstörfum	14
5.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	15
5.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	15
5.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	16
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	17
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	18
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	19
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	19
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	20
5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.....	20
5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður	21
5.6. Reynsla af stjórnun.....	21
5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	22
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	23
5.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	24
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	24
5.9. Sérstök starfshæfni.....	25
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	25

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu.....	26
5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.....	27
6. Niðurstaða dómnefndar	27

1. Umsækjendur

Með bréfi 1. júní 2021 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstóla-sýslunnar. Embættið var auglýst laust til umsóknar 7. maí 2021 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Björn Þorvaldsson saksóknari, Herdís Hallmarsdóttir lögfræðingur, Nanna Magnadóttir formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Sigríður Rut Júlíusdóttir lögmaður, Sigurður Jónsson lögmaður, Valborg Steingrímsdóttir aðstoðarmaður dómara í Landsrétti og Þorsteinn Magnússon framkvæmdastjóri óbyggðanefndar.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að umsækjendur uppfylltu allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa

fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjanda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið, sem nefndin skal byggja mat sitt á, og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamála-réttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 970/2020 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. töluliðar 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt

við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndarmönnum Eiríki Tómassyni, sem er formaður nefndarinnar, Helgu Melkorku Óttarsdóttur, Kristínu Benediktsdóttur, Óskari Sigurðssyni og Ragnheiði Harðardóttur er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að máli þessu. Hinn 2. júní 2021 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 2. júní 2021. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 7. maí 2021 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við endanlegt mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.8. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við fimm af umsækjendum 21. júní 2021. Vegna þess að skammur tími var liðinn frá því að tekin höfðu verið viðtöl við tvo umsækjendur í tilefni af fyrri umsóknum þeirra um embætti héraðsdómara var ekki talin ástæða til að boða þá til viðtals að nýju.

Þess skal getið að hæfni fimm umsækjenda, Björns Þorvaldssonar, Herdísar Hallmarsdóttur, Nönnu Magnadóttur, Sigurðar Jónssonar og Valborgar Steingrímisdóttur, hefur nýlega verið metin af dómnefnd í tilefni af umsóknum þeirra um embætti héraðsdómara, sbr. umsagnir 21. desember 2020 og 27. maí 2021.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 6. júlí 2021, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 12. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá fjórum umsækjendum og voru gerðar minni háttar breytingar á drögunum með tilliti til þeirra án þess að niðurstaða umsagnarinnar breyttist.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á hæfni umsækjenda og viðmið á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Björn Þorvaldsson er fæddur 16. janúar 1967 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og meistaraprófi (LL.M) í Evrópurétti vorið 2002 frá Háskólanum í Lundi. Hann lagði síðan stund á meistaranám við Raoul Wallenberg stofnunina 2002-2003. Hann hefur lokið námskeiði héraðs um rannsókn alvarlegra fjármunabrota. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Frá september 1998 til júní 2000 var hann ritari á nefndasviði Alþingis, en hann var aðstoðarforstöðumaður sviðsins frá febrúar 2000. Hann var settur sýslumaður á Hólmavík um fjögurra vikna skeið sumarið 2001 og annaðist sumarafleysingu hjá sýslumanninum í Kópavogi 2002, sömuleiðis í fjórar vikur. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness um nokkurra vikna skeið haustið 2003, en frá þeim tíma löglærður fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild

ríkislögreglustjóra sem hann gegndi til loka árs 2006, þar af sem staðgengill saksóknara um eins og hálf árs skeið. Á árinu 2007 var umsækjandinn settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara og settur saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra en aðstoðarsaksóknari og staðgengill saksóknara efnahagsbrota frá ársbyrjun 2008 þar til hann var skipaður saksóknari við embætti ríkissaksóknara í maí 2009. Hann var skipaður saksóknari við embætti sérstaks saksóknara í október 2009 þar af sem staðgengill sérstaks saksóknara frá febrúar 2010 allt þar til embættið var lagt niður í lok árs 2015. Frá ársbyrjun 2016 hefur hann starfað sem saksóknari og sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara. Umsækjandinn er í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu (GRECO) og var um skeið í fyrirsvari fyrir sendinefnd Íslands hjá alþjóðlegum fjármálaaðgerðahópi ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka (FATF). Einnig var hann annar af tveimur fulltrúum Íslands í norrænum hópi um vitnavernd og í vinnuhópi á vegum OECD um mútur. Þá sat hann í nefnd viðskiptaráðherra um málefni tengd peningaþvætti á árunum 2006 og 2007 og var skipaður í tvo stýrihópa til ráðgjafar við stjórnvöld 2015 og 2016, annars vegar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar um eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn mútum og spillingu. Umsækjandinn hefur verið stundakennari og prófdómari við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2010 og hefur þar ásamt prófessor við skólann haft umsjón með og kennt á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot. Hann var gestakennari og prófdómari í refsirétti við Háskólann á Bifröst 2010 til 2013. Hann var leiðbeinandi við skrif meistaraþrófsritgerða í lögfræði við Háskólann á Akureyri 2008, við Háskólann í Reykjavík 2010, Háskólann á Bifröst 2011 og prófdómari vegna meistaraþrófsritgerða í Háskólanum í Reykjavík 2011. Hann hefur ritað stutta grein um lögfræði, sem birtist í Lögmannablaðinu, og haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Herdís Hallmarsdóttir er fædd 10. september 1972 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2000. Haustið 2018 hóf hún nám í Alþjóðlegu stjórnendanámi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og hefur lokið ríflega einu ári af tveimur. Hún öðlaðist málflytningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofum, en á árunum 2004-2020 var hún

sjálfstætt starfandi lögmaður. Árin 2009-2016 starfaði umsækjandinn í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. Frá júlí 2020 hefur hún starfað sem lögfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Umsækjandinn var stundakennari á árinu 2004 í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík og aðjúkt 2005-2012. Árið 2005 var hún skipuð í nefnd um störf kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og skilaði nefndin skýrslu árið 2007. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2017-2018. Nýverið var umsækjandinn skipuð af félags- og barnamálaráðherra formaður starfshóps til að vinna drög að reglugerð um flokkun mannvirkja og eftirlit með þeim. Hún var einn af lögmonnum Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar á árunum 2001-2006. Hún var formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 2008-2012 og hefur setið í stjórn félagsins frá 2012, þar af sem formaður frá árinu 2014.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Hún hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni bæði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist málflytningsréttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi starfaði hún sumarlangt í þinglýsingardeild hjá sýslumanninum í Kópavogi. Í september 1998 varð hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og gegndi því starfi fram í ágúst 2001, að undanskildum fjórum mánuðum sem hún starfaði fyrir dómstólaráð og átta mánuðum meðan hún var settur skrifstofustjóri dómstólsins. Frá september 2001 til ágúst 2002 starfaði hún sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar fram í maí 2004 er hún hóf störf sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Frá janúar 2005 sinnti hún margvíslegum störfum á vegum Evrópuráðsins í Kósóvó og Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga. Frá október 2009 og fram í september 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Frá þeim tíma var hún sjálfstætt starfandi og tók m.a. að sér ýmis verkefni fyrir umboðsmann Alþingis og Eystrasaltsráðið eða fram til 1. janúar 2014 þegar hún var skipuð forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hún hefur ritað eina óritrýnda grein sem birtist í lögfræðitímariti og flutt fræðærindi. Í

Lundi starfaði hún samhliða námi sem aðstoðarmaður prófessors og var meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eyrstrasaltsráðsins, 2009-2010. Þá var hún prófdómari á munnlegum prófum í tveimur námskeiðum við Háskóla Íslands 2019. Umsækjandinn var sjálfboðaliði hjá Kvinnaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð 2001. Árin 2014-2018 var hún í stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þá hefur hún átt hlut að undirbúningi lagasetningar og gerð ýmiss konar regluverks í störfum sínum, m.a. haft framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eyrstrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Umsækjandinn gegndi nýlega formennsku í ráðgefandi hæfnisnefnd, með það hlutverk að fara yfir og leggja mat á umsóknir um embætti skrifstofustjóra á skrifstofu landgæða í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Einnig hefur hún verið formaður og tekið þátt í fjölmörgum vinnuhópum sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eyrstrasaltsráðsins.

Sigríður Rut Júlíusdóttir er fædd 3. apríl 1975 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 1999 og síðan meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Stanford-háskóla í Bandaríkjunum 2011. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 2000 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2007. Árin 1999-2002 starfaði hún sem fulltrúi og lögmaður á tveimur lögmannstofum. Árið 2002 stofnaði hún lögmannstofuna Réttur, ásamt öðrum, þar sem hún hefur frá þeim tíma verið meðeigandi. Umsækjandinn hefur sinnt stundakennslu við Háskólann í Reykjavík frá 2018 í Entertainment Law, komið að samningu prófa sem og haft umsjón með BA- og meistararitgerðum. Hún hefur verið prófdómari við meistaraprófsvarnir við lagadeild Háskóla Íslands jafnframt sem hún var prófdómari á meistarastigi við sama skóla í höfundarétti 2018 og 2020 og ofbeldisbrotum frá sjónarhóli kvinnaréttar árið 2020. Árin 2014 og 2015 var hún stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst. Hún kenndi námskeið við endurmenntunardeild Old Dominion University í Norfolk Virginíuríki í Bandaríkjunum 2009 og 2010. Hún hefur ritað tvær óritrýndar greinar um lögfræði, þar af aðra með öðrum höfundum, auk ritrýnds bókarkafli. Einnig hefur hún skrifað tvær stuttar greinar sem birst hafa í Lögmannablaðinu. Þá hefur hún haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 2017 og

jafnframt verið formaður starfskjaranefndar Orkuveitunnar. Frá því ári hefur hún setið í stjórn og fulltrúaráði Innheimtustöðvar rétthafa sem starfar á grundvelli 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Hún hefur setið í höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráði frá 2006. Hún sat í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2006-2008, nefnd á vegum umboðsmanns skuldara og Samtaka fjármálafyrirtækja 2012 og nefnd forsætisráðherra um úrbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis 2018.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 65 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann hefur sótt ýmis námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi árið 1991. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002-2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum. Frá 2007-2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi en stofnaði síðan lögmannsstofu í Kópavogi ásamt öðrum og starfar þar í dag. Umsækjandinn var formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu árin 1986-1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Árið 2018 tók hann sæti í tveimur nefndum samkvæmt 93. gr. laga nr. 15/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

Valborg Steingrímsdóttir er fædd 6. júní 1982 og er því 39 ára. Hún lauk BA-prófi og síðan meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2008, svo og meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu 2011. Hún hefur sótt

ýmis námskeið á sviði lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í desember 2015. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur hjá Orkustofnun til ársins 2010, en í því starfi kom hún m.a. að leyfisveitingum á grundvelli raforkulaga og laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Hún starfaði sem lögfræðingur fyrir stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011 og á árunum 2011-2018 starfaði hún sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og hóf þá störf hjá Persónuvernd en starfar nú tímabundið sem aðstoðarmaður dómara hjá Landsrétti. Umsækjandinn hefur ritað tvær fræðigreinar, þar af er önnur ritrýnd grein um lögfræði, en hin þverfræðileg grein sem hún samdi ásamt tveimur öðrum. Einnig hefur hún haldið tvo fyrirlestra um lögfræðileg efni. Árið 2010 var hún stundakennari við Háskóla Íslands í námskeiðinu Natural Resources Law og árið 2011 var hún stundakennari við sama skóla í námskeiðunum EC Enviromental Law og International Enviromental Law. Þá hefur umsækjandinn haldið fræðileg erindi á sviði orku- og auðlindamála og persónuverndar. Hún var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2013-2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki 2016-2017, fulltrúi Persónuverndar í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd 2018-2019. Einnig hefur hún setið í sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins sem fjallar um eftirfylgni, rafræna stjórnsýslu og heilbrigði.

Þorsteinn Magnússon er fæddur 27. maí 1976 og er því 45 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2008 og námi í opinberri stjórnsýslu við Háskólann sem lauk með diplómagráðu í febrúar 2021. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 2010. Að loknu embættisprófi 2008 starfaði hann sem lögfræðingur á skrifstofu óbyggðanefndar en haustið 2009 hóf hann störf sem lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Hann starfaði sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu frá ágúst 2010 þar til hann varð framkvæmdastjóri óbyggðanefndar í desember 2012 og gegnir hann enn því starfi. Á árunum 2009-2013 hafði umsækjandinn umsjón með verkefnum í eignarrétti við lagadeild Háskóla Íslands og árið 2019 var hann prófdómari vegna einnar meistararitgerðar við sömu deild. Þá getur hann í umsókn sinni um þrjá fyrirlestra sem hann hefur flutt á námskeiðum og fundum hérlandis. Umsækjandinn kom ásamt starfsmönnum forsætisráðuneytisins að því að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/1998 um þjóðlendur.

Hann var formaður nefndar um víxilverkanir lífeyrisgreiðslna 2014 og varaformaður nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins 2013-2014. Hann hefur verið varamaður formanns kærunefndar húsamála frá 2013 og átt sæti í óbyggðanefnd frá 2016. Einnig var hann varamaður í úrskurðarnefnd almannatrygginga 2013-2015. Í apríl 2017 var hann kjörinn í Landsdóm. Umsækjandinn var í stjórn Geðhjálpar í níu mánuði árið 2012 og formaður öldungaráðs Frjálsíþróttasambands Íslands 2016-2018. Hann var varamaður í stjórn Íþróttafélags Reykjavíkur 2016-2017 og ritari hennar 2017-2018. Frá 2020 hefur hann verið ritari stjórnar Skákfélags Selfoss og nágrennis. Einnig hefur hann verið formaður laganefndar Skáksambands Íslands frá 2020 og tók nýlega sæti í stjórn sambandsins þar sem hann hafði áður verið varamaður.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Björn Þorvaldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraprófi (LL.M) í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi 2002. Á árunum 2002-2003 lagði hann ennfremur stund á meistaranám við Raoul Wallenberg stofnun háskólans án próftöku.

Herdís Hallmarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000. Haustið 2018 hóf hún nám í alþjóðlegu stjórnendanámi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og hefur lokið ríflega einu ári af tveimur.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi 2004.

Sigríður Rut Júlíusdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi í lögum (LL.M) með áherslu á hugverkarétt frá Stanford háskóla 2011.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983.

Valborg Steingrímsdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraprófi í lögum (LL.M) með áherslu á aðferðafræði og rökfræði frá Berkeley háskóla 2011.

Þorsteinn Magnússon lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Hann stundaði meistaranám í blaða- og fréttamennsku við sama skóla 2015 og lauk þaðan námi í opinberri stjórnsýslu með diplómagráðu 2021.

5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Björn* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur lokið meistaraþrófi í lögum frá erlendum háskóla að loknu embættisprófi, auk þess sem hann hefur stundað frekara meistaranám í lögfræði án próftöku. Næstar honum koma *Nanna*, *Sigríður Rut* og *Valborg* sem hafa til viðbótar embættisprófi eða meistaraþrófi frá Háskóla Íslands lokið meistaraþrófi í lögum frá erlendum háskólum. Á eftir þeim fylgir *Þorsteinn*, sem hefur auk embættisprófs lokið háskólanámi í opinberri stjórnsýslu með diplómagráðu, fyrir utan að hafa stundað annars konar nám á háskólastigi án próftöku. Síðan *Herdís* sem hefur til viðbótar embættisprófi stundað meistaranám við erlendan háskóla í greinum, skyldum lögfræði, án þess að ljúka því. Á eftir þeim kemur *Sigurður*, sem ekki hefur lagt stund á frekara nám, en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur námskeið að loknu fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Björn Þorvaldsson starfaði í einn og hálfan mánuð sem aðstoðarmaður héraðsdómara.

Herdís Hallmarsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Nanna Magnadóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara í samtals tvö ár.

Sigríður Rut Júlíusdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Sigurður Jónsson starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu á árunum 1983-1986 og sýslumanninum í Árnes-sýslu 1986-1988. Einnig hefur hann margoft verið dómkvaddur sem matsmaður.

Valborg Steingrímsdóttir hefur verið aðstoðarmaður dómara í nærfellt sjö ár samtals, þ.e. sem aðstoðarmaður héraðsdómara á árunum 2011-2018 og landsréttardómara 2020-2021.

Þorsteinn Magnússon hefur ekki reynslu af dómstörfum.

5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa þrír umsækjenda reynslu af því að hafa verið aðstoðarmenn dómara og einn fulltrúi dómara áður en skilið var á milli umboðsvalds og dómsvalds í héraði. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er litið til þessara starfa umsækjendanna þótt þau vegi eðli máls samkvæmt þyngst fyrstu starfsárin og hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara, ekki síst ef langt er um liðið síðan þau voru innt af hendi. Þá kemur reynsla af því að hafa verið dómkvaddur matsmaður til álita hér, enda þótt henni verði á engan hátt jafnað til reynslu af því að hafa fengist við dómstörf.

Með skírskotun til þessa stendur *Valborg* fremst umsækjenda í þessum matsþætti þar sem hún hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara og nú síðast aðstoðarmaður landsréttardómara í nærfellt sjö ár. Þar á eftir fylgja *Nanna* og *Sigurður*, en ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra tveggja á þessu sviði. *Björn* hefur mjög takmarkaða reynslu af dómstörfum í samanburði við þá sem að framan greinir. *Herdís*, *Sigríður Rut* og *Þorsteinn* hafa sem fyrr segir ekki gegnt þeim störfum.

5.3. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Björn Þorvaldsson hóf starfsferil sinn sem fulltrúi sýslumanns árið 1993 þar sem hann starfaði um fimm ára skeið og rak m.a. sakamál fyrir dómi. Frá árinu 2003 eða í tæplega 18 ár hefur hann síðan fengist við flutning sakamála fyrir dómi, þ. á m. hefur hann á þeim tíma flutt mörg umfangsmikil og flókin efnahagsbrotamál á öllum dómstigum.

Herdís Hallmarsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001 og fyrir Hæstarétti 2008. Að loknu lagaprófi 2000 starfaði hún fyrst sem fulltrúi á lögmannsstofu, síðan lögmaður 2001-2004, en á árunum 2004-2020 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður. Lögmannsferill hennar spannar því um 19 ár og flutti hún á þeim tíma fjölbreytileg mál fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál, þótt þau hafi ekki verið mörg hin síðari ár. Hún átti sæti í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. 2009-2016.

Nanna Magnadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Sigríður Rut Júlíusdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2000 og fyrir Hæstarétti 2007. Á árunum 1999-2000 starfaði hún sem fulltrúi og 2000-2002 sem lögmaður á lögmannsstofum. Frá árinu 2002 hefur hún starfað nær óslitið sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Lögmannsferill hennar spannar því um 20 ár og hefur hún flutt á þeim tíma fjölbreytileg mál fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál.

Sigurður Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1997. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1991 eða í um 30 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt mál af flestum réttarsviðum fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál.

Valborg Steingrimsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2015, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Þorsteinn Magnússon öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2010 og starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu til ársloka 2012. Lögmannsferill hans spannar því tæp tvö og hálf ár.

5.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Fimm umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, þ. á m. haft réttindi til flutnings mála fyrir æðra dómi, eða sem sækjendur í sakamálum. Einnig er horft til þess hversu mörg mál þeir hafa flutt og hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmennt, hafi verið yfirgripsmikil og flókin úrlausnar. Þá verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum án þess að hafa lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið.

Samkvæmt öllu framansögðu stendur *Sigurður* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur starfað óslitið við lögmannsstörf í um 30 ár. Næst honum kemur *Sigríður Rut* og þá *Herdís*, en báðar eiga þær að baki langan lögmannsferil. Þar á eftir *Björn* er flutt hefur mál fyrir dómi sem saksóknari um langt árabíl. Síðan *Þorsteinn*, en hann hefur sinnt lögmannsstörfum í tiltölulega skamman tíma í saman-

burði við þá umsækjendur sem áður voru nefndir. *Nanna* og *Valborg* hafa sem fyrr segir ekki fengist við lögmanns- eða málflutningsstörf.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Björn Þorvaldsson var á árunum 1993-1998 fulltrúi sýslumanns og 1998-2000 ritari á nefndasviði Alþingis og síðar aðstoðarforstöðumaður þess. Árið 2001 var hann settur sýslumaður um fjögurra vikna skeið. Hann var fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra 2003-2006. Á árunum 2007-2009 starfaði hann sem saksóknari hjá embættum ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra. Hann var síðan saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara 2009-2015, en frá byrjun árs 2016 hefur hann starfað sem sviðsstjóri við embætti héraðssaksóknara. Jafnframt hefur hann tekið þátt í fjölpjóðlegu samstarfi og verið í fyrirsvari fyrir íslensk stjórnvöld, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins, auk þess sem hann hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og starfshópum á vegum ráðuneyta.

Herdís Hallmarsdóttir hefur frá miðju ári 2020 eða í rúmt ár starfað sem lögfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Hún átti sæti í yfirkjörstjórn 2017-2018. Einnig sat hún í nefnd um störf kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og skilaði nefndin skýrslu árið 2007.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í átta mánuði á árinu 2002. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis 2002-2003. Á árunum 2003-2004 var hún aðstoðarmaður fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg og starfaði síðan sem lögfræðingur hjá ráðinu, samtals í tæpt eitt og hálf ári. Árin 2005-2013 sinnti hún ýmsum stjórnsýslustörfum erlendis fyrir Evrópuráðið, Sameinuðu þjóðirnar og loks Eystrasaltsráðið, alls í um átta og hálf árs skeið. Frá því í byrjun árs 2014 eða í sjö og hálf ári hefur hún verið að aðalstarfi formaður og forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sigríður Rut Júlíusdóttir hefur frá árinu 2006 eða í um 15 ár átt sæti í höfundaréttarnefnd, sem samkvæmt höfundalögum er ráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál, auk höfundaréttarráði sem starfar á grundvelli sömu laga.

Sigurður Jónsson var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1983-1986 og síðan sýslumannsfulltrúi 1986-1988. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra um tveggja ára skeið 1989-1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Hann var formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993. Þá átti hann sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum árið 2018.

Valborg Steingrímsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Orkustofnun um tveggja ára skeið á árunum 2008-2010. Þá vann hún fyrir stjórnlagaráð í um tvo mánuði 2011. Árin 2018-2020 eða í um tvö ár starfaði hún sem verkefnastjóri hjá Persónuvernd. Samhliða því starfi tók hún þátt í evrópsku samstarfi á sviði persónuverndar, þ. á m. átti hún sæti í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd 2018-2019.

Þorsteinn Magnússon starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd í liðlega eitt og hálf ár 2008-2009 og í fjármálaráðuneytinu í tæpt ár 2009-2010. Í árslok 2012 tók hann við starfi framkvæmdastjóra óbyggðanefndar og hefur gegnt því síðan eða í rúm átta og hálf ár. Jafnframt hefur hann átt sæti í nefndinni frá árinu 2016. Þá hefur hann verið varamaður formanns kærufndar húsamála frá 2013 og varamaður í úrskurðarnefnd almennatrygginga 2013-2015 og tekið sæti í þeim báðum við úrlausn ágreiningsmála.

5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnarsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir ennfremur máli hvort störfin nýtist dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum eða vinna fyrir þær. Störf ákæranda og fulltrúa þeirra eru í eðli sínu stjórnarsýslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau eru einnig fólgin í málflutningi fyrir dómi sem fellur undir þann matsþátt. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Nanna* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún hefur í sjö og hálf ár verið að aðalstarfi formaður og forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en hún hefur í því starfi samið drög að niðurstöðu fjölmargra stjórnsluúrskurða nefndarinnar er fæst við mikinn fjölda ágreiningsefna á ári hverju sem sum hver eru flókin úrlausnar. Þar fyrir utan á hún að baki áralanga og fjölbreytta stjórnslureynslu, hér á landi sem erlendis. Næstur henni kemur *Þorsteinn* sem hefur í átta og hálf ár verið að aðalstarfi framkvæmdastjóri óbyggðanefndar og átt síðustu árin sæti í nefndinni þar sem hann hefur samið drög að niðurstöðu fjölmargra úrskurða hennar, auk þess sem hann hefur öðlast reynslu af störfum á öðrum stjórnslusviðum. Síðan *Björn*, sem hefur verið fulltrúi ákæranda og síðar saksóknari í um 23 ár alls og fengist við fjölbreytt mál á þeim tíma, þ. á m. stýrt rannsókn á mjög viðamiklum sakamálum, jafnframt því sem hann býr að annars konar stjórnslureynslu. Þar á eftir fylgir *Valborg*, þá *Sigurður* og loks *Herdís* og *Sigríður Rut*, en ekki verður gert upp á milli þeirra tveggja síðastnefndu í þessum þætti mats.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Björn Þorvaldsson hefur frá árinu 2010 haft sem stundakennari umsjón með kennslu á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hann séð um og kennt námskeið um áþekkt efni 2020, svo og refsirétt 2010-2013 við Háskólann á Bifröst. Hann hefur verið prófdómari við lagadeild HR og HB og leiðbeint ritgerðarnemum þar sem og við Háskólann á Akureyri.

Herdís Hallmarsdóttir var stundakennari í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík á árinu 2004 og aðjúnkt við sama skóla 2005-2012.

Nanna Magnadóttir var árið 2019 prófdómari í munnlegum prófum við lagadeild Háskóla Íslands.

Sigríður Rut Júlíusdóttir hefur frá árinu 2018 verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík og séð um kennslu á sérhæfðu námskeiði í höfundarétti, auk þess sem hún hefur haft umsjón með BA- og meistara-ritgerðum við deildina. Hún

sinnu stundakennslu í lögfræði við Háskólann á Bifröst 2014-2015 og kenndi á námskeiðum við endurmenntunardeild Old Dominion háskólans í Norfolk 2009-2010. Þá hefur hún um árabil verið prófdómari á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands.

Sigurður Jónsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

Valborg Steingrimsdóttir var á árunum 2010-2011 stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á þremur námskeiðum á sviði umhverfisréttar.

Þorsteinn Magnússon hafði á árunum 2009-2013 umsjón með verkefnum í eignarétti við lagadeild Háskóla Íslands og var 2019 prófdómari vegna meistara-ritgerðar við deildina.

5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu standa *Björn* og *Sigríður Rut* fremst á því sviði, sem hér um ræðir, og verður ekki gert upp á milli þeirra. Næst þeim *Herdís* og síðan jafnt sett *Valborg* og *Þorsteinn*, en þar á eftir fylgir *Nanna*. Sem fyrr segir hefur *Sigurður* ekki fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Björn Þorvaldsson hefur skrifað eina stutta grein sem birtist í *Lögmannablaðinu*. Þá hefur hann haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Herdís Hallmarsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Nanna Magnadóttir hefur ritað eina óritrýnda grein um lögfræði. Hún var meðritstjóri tímarits Eyrstrasaltsráðsins á árunum 2009-2010. Þá hefur hún flutt fyrirlestra um lögfræðileg efni, hér á landi og erlendis.

Sigríður Rut Júlíusdóttir hefur ritað tvær óritrýndar greinar um lögfræði, þar af aðra með öðrum höfundum, auk þess að hafa samið einn ritrýndan bókarkafli. Einnig hefur hún skrifað tvær stuttar greinar sem birst hafa í *Lögmannablaðinu*. Þá hefur hún flutt fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Sigurður Jónsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Valborg Steingrimsdóttir hefur ritað tvær fræðigreinar, þar af er önnur ritrýnd grein um lögfræði, en hin þverfræðileg grein sem hún skrifaði ásamt tveimur öðrum þar sem hún samdi kafla um lögfræðilegt efni. Að auki hefur hún haldið tvo fyrirlestra um slík efni.

Þorsteinn Magnússon hefur flutt þrjá fyrirlestra um lögfræðileg efni.

5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Þess ber þó að gæta í því sambandi að ekki tíðkaðist að ritrýna greinar sem birtust á árum áður. Við matið er litið til gæða fræðiskrifa og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni þeirra, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni, svo og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó tiltölulega léttvægir í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu stendur *Sigríður Rut* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Næst henni koma jafnt settar *Nanna* og *Valborg*, síðan *Björn* og þar á eftir *Þorsteinn*. *Herdís* og *Sigurður* hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan matsþátt.

5.6. Reynsla af stjórnun

Björn Þorvaldsson var staðgengill sérstaks saksóknara á árunum 2010-2015 og hefur frá því í ársbyrjun 2016 stýrt ákærusviði efnahags- og skattalagabrota hjá embætti héraðssaksóknara. Á þessum tíma hefur hann stjórnað jafnt stærri sem minni hópum við rannsókn flókinna sakamála. Þá var hann settur sýslumaður í einn mánuð og aðstoðarforstöðumaður nefndasviðs Alþingis um fimm mánaða skeið.

Herdís Hallmarsdóttir stofnaði og stóð að rekstri lögmannsstofa á árunum 2004-2020. Hún átti sæti í þriggja manna slitastjórn Landsbanka Íslands hf. á árunum 2009-2016. Setu hennar í slitastjórninni fylgdu margvísleg stjórnunarstörf sem m.a. voru fólgin í mannaforráðum. Þá hefur hún setið í stjórn Hundaræktarfélag Íslands frá 2013 og verið formaður þess frá 2015.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur um átta mánaða skeið á árinu 2002. Hún var staðgengill forstöðumanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó 2005-2006 og síðar forstöðumaður hennar 2008-2009, en forstöðumaður svæðisáætlunar UNIFEM fyrir Suðaustur-Evrópu 2007-2008. Frá því í ársbyrjun 2014 hefur hún verið forstöðumaður og jafnframt formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Sigríður Rut Júlíusdóttir kom að stofnun og hefur staðið að rekstri lögmannsstofu frá árinu 2002. Þá hefur hún setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur frá 2016 og jafnframt verið formaður starfskjaranefndar hennar.

Sigurður Jónsson hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa frá árinu 1991. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987 og starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi 1988-1989. Þá var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-1993, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001-2010 og stjórnarformaður Landssamtaka raforkubænda á Íslandi 2005-2010.

Valborg Steingrímsdóttir hefur ekki gegnt störfum sem falla undir þennan þátt.

Þorsteinn Magnússon hefur verið framkvæmdastjóri óbyggðanefndar frá því í árslok 2012. Þá hefur hann verið varamaður formanns í kærunefnd húsamála og tekið þar sæti í all mörgum málum.

5.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum, sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd, enda hafi þess verið getið í umsóknum þeirra. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.

Að því virtu telst *Nanna* standa fremst umsækjenda í þessum matsþætti. Næstur henni kemur *Þorsteinn* og þá *Björn*, *Herdís*, *Sigríður Rut* og *Sigurður*, en ekki verður gert upp á milli stjórnunarreynslu þeirra fjögurra síðastnefndu. *Valborg* býr sem fyrr segir ekki að starfsreynslu sem fellur undir þennan matsþátt.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.4. og 5.6.

Björn Þorvaldsson kom að því í starfi sínu hjá nefndasviði Alþingis á árunum 1998-2000 að semja drög að lagafrumvörpum fyrir þingmenn og álitum fyrir þingnefndir. Hann hefur tekið þátt í úttektum sérfræðingahóps Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu í fjölmörgum ríkjum og starfsemi vinnuhóps OECD um mútur. Þá átti hann sæti í nefnd, sem skipuð var af ráðherrum um rannsókn og saksókn skattalagabrota og skilaði af sér tillögum árið 2019, en þær leiddu af sér viðamikið lagafrumvarp um það efni.

Herdís Hallmarsdóttir hefur nýlega verið skipuð formaður starfshóps til að vinna drög að reglugerð um flokkun mannvirkja og eftirlit með þeim.

Nanna Magnadóttir kom að því, í starfi sínu sem formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, að semja frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefndina til að auka skilvirkni hennar. Þá lét hún sem starfsmaður UNIFEM í té álit á drögum að jafnréttislögum Albaníu. Ennfremur hefur hún verið formaður ráðgefandi hæfnisnefndar við skipun skrifstofustjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Sigríður Rut Júlíusdóttir átti á árunum 2006-2008 sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands. Einnig var hún 2012 skipuð í nefnd á vegum umboðsmanns skuldara og Samtaka fjármálafyrirtækja sem skilaði skýrslu um greiningu á gengistryggðum lánnum. Árið 2018 var hún skipuð í nefnd af forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis og skilaði nefndin í samræmi við það af sér drögum að níu frumvörpum til laga eða breytinga á lögum. Þá hefur hún frá 2017 setið í stjórn og fulltrúaráði Innheimtumiðstöðvar rétthafa sem starfar á grundvelli 11. gr. höfundalaga.

Sigurður Jónsson átti á árunum 2003-2008 sæti í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala. Þá situr hann í stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

Valborg Steingrimsdóttir var í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga á árunum 2013-2017.

Þorsteinn Magnússon átti sæti á árunum 2013-2014 í nefnd sem skipuð var af félags- og húsnæðismálaráðherra til að endurskoða lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Þá var hann 2014 formaður í nefnd á vegum sama ráðherra sem hafði það hlutverk að greina víxlverkanir skerðinga á greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóða. Einnig kom hann að því, í starfi sínu sem framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, að semja drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir skákhreyfinguna, þ. á m. á hann nú sæti í stjórn Skáksambands Íslands og hefur um skeið verið formaður laganefndar sambandsins. Þá var hann í stjórn Geðhjálpur 2012 og formaður öldungaráðs Frjálsíþróttasambands Íslands 2016-2018.

5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaræfni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnsýslustörfum eða stjórnun. Ef umsækjandi hefur t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, teljast *Björn* og *Sigríður Rut* standa fremst umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst vegna aðkomu þeirra að samningu mikilvægra lagafrumvarpa, en ekki verður gert upp á milli þeirra tveggja. Næst þeim kemur *Nanna*, þá *Þorsteinn*, síðan *Sigurður* og loks jafnt settar *Herdís* og *Valborg*.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn

og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrimælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgangi þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að allir umræddir umsækjendur hafi með störfum sínum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Björn Þorvaldsson* standi öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti hæfnismats, en hann á að baki langa reynslu af flutningi mála fyrir dómi á öllum dómstigum auk þess að hafa sinnt kennslu í réttarfari

á háskólastigi. Næst honum koma *Herdís Hallmarsdóttir*, *Sigríður Rut Júlíusdóttir* og *Sigurður Jónsson* og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra þriggja að þessu leyti. Þar á eftir fylgir *Valborg Steingrímisdóttir* og síðan jafnt sett *Nanna Magnadóttir* og *Þorsteinn Magnússon*.

5.9.2. *Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu*

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af greinargerðum umsækjanda eða eftir atvikum stjórnslu-úrlausnum hans má m.a. ráða hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjanda á þessu sviði. Hefur það verið gert á grundvelli greinargerða, sem fjórir þeirra hafa ritað í málum er nýlega hafa verið flutt fyrir Hæstarétti, sem og stjórnsluúrlausna er hinir þrír hafa samið drög að. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Björn Þorvaldsson* og *Sigríður Rut Júlíusdóttir* væru færust af umsækjendum til að semja dóma ef þau yrðu skipuð héraðsdómarar. Er þá einkum litið til greinargerða þeirra sem lagðar hafa verið fram í

málum fyrir Hæstarétti og bera vitni um að þau ættu auðvelt með að færa góð og gild lögfræðileg rök fyrir niðurstöðum í ágreiningsmálum fyrir dómi. Eru ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja, en aðrir umsækjendur standa þeim að baki að þessu leyti.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem nefndinni ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu

að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8. og 5.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnvísustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, og þeir virtir í heild er það álit dómnefndar að *Björn Þorvaldsson* standi fremstur umsækjenda um embættið í þeim matshluta. Munurinn á honum og nokkrum öðrum umsækjendum um embættið er hins vegar ekki svo afgerandi að hann ráði úrslitum um mat á hæfni þeirra, einn og sér. Vegna þess að svo háttar til skiptir máli að horfa jafnframt til mats á færni umsækjendanna til að nýta þá lögfræðileggingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat nefndarinnar, sbr. kafla 5.9.2., að *Björn* og *Sigríður Rut Júlíusdóttir* standi fremst umsækjenda í þeim matshluta.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða dómnefndar að *Björn* sé hæfastur umsækjendanna sjö til að gegna umræddu dómaraembætti.

Björn Þorvaldsson hefur í tæplega 18 ár fengist við rannsókn sakamála og ákvörðun um saksókn, svo og við flutning sakamála fyrir dómi, fyrst sem fulltrúi og síðar saksóknari. Hann varð saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara árið 2009 og gegndi því starfi þar til hann í byrjun árs 2016 tók við starfi sviðsstjóra ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara. Á ferli sínum sem saksóknari hefur hann m.a. flutt mörg umfangsmikil og flókin efnahagsbrotamál á öllum dómstigum. Áður en hann varð saksóknari starfaði hann í nokkur ár sem fulltrúi sýslumanns og síðar starfaði hann um tveggja ára skeið á nefndasviði Alþingis. Þá lauk hann meistaraprófi í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi árið 2002. Hann hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík og jafnframt fengist við lagakennslu í Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Björn Þorvaldsson sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara, sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar, sbr. auglýsingu 7. maí 2021.

Reykjavík, 13. júlí 2021



Eiríkur Tómasson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Kristín Benediktsdóttir



Óskar Sigurðsson



Ragnheiður Harðardóttir